

AUGLÝSING

50

14. maí

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lög-reglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. jan. 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890 sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, lög nr. 88 11. júní 1938 og lög nr. 111 30. maí 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

Samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 41. gr. samþykktarinnar komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Sama gildir eftir því sem við á um sölustaði, þar sem seldar eru notaðar bifreiðir (bifreiðasölur).

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. maí 1960.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

51

8. apríl

um umferðarfræðslu í skólum.

1. gr.

Tilgangur umferðarfræðslu í skólum er:

1. Að gera nemendum ljósa þá hættu, sem af umferð stafar.
2. Að kenna umferðarreglur þær, sem gilda á hverjum tíma. Skal fræðslu hagað í samræmi við þroska hinna ýmsu aldursflokka nemenda.
3. Að kenna nemendum að fara eftir settum reglum og notfæra sér fræðslu samkvæmt 1. og 2. tölulið, þannig að þeir valdi ekki sér eða öðrum óþarfa hættu.

2. gr.

Á barnaheimilum, í leikskólum og smábarnaskólum skal börnum leiðbeint um einföldustu reglur, sem fótgangendum ber að fylgja í umferð, eftir því sem við verður komið.

Fræðslan skal einkum beinast að því, að börnin fái hugmynd um þá varúð, er þeim ber að sýna, þegar þau eru á ferð eða að leik á almannafæri.

Forráðamönnum stofnana þeirra, sem að framan greinir, ber að sjá þeim fyrir nauðsynlegum gögnum til kennslunnar.

B 16